



SÖN2A05

Námsáætlun, haustönn 2019

Kennari/kennarar:

Guðbjörg Hilmarsdóttir

Netfang/netföng:

gudbjorgh@bhs.is

Lýsing:

Nemendur kynnast grunntækni í söng sem getur nýst á fjölbreyttan hátt. Rætt verður um hvernig sé hægt að stuðla að heilbrigðri rödd og raddbeitingu. Skoðaðir verða ýmsir þekktir söngvarar og hvernig þeir nota röddina sína á ólíkan hátt. Söngtímar verða kenndir sem hóptímar. Nemendur spreyta sig í söngprufum fyrir gestakennara og sækja masterklassa með kennara. Áfanganum lýkur með tónleikum.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandinn skal öðlast þekkingu og skilning á:

- öndunarfærunum, þind og raddböndunum og hvernig þau tengjast söngtækni
- mismunandi raddgerðum og af hverju þær eru ólíkar
- skapandi ferli listamannsins og hinum ýmsu ólíku miðlum og aðferðum sem hann kýs að nota við undirbúning
- hvernig skal stuðla að heilbrigði raddarinnar
- ýmsum íslenskum og erlendum sönglögum

Nemandi skal öðlast leikni í að:

- syngja með góðum stuðning og heilbrigðri raddbeitingu
- að nýta sér einfaldar upphitunaræfingar fyrir röddina
- syngja fyrir framan áhorfendur
- læra ný lög, bæði íslensk og erlend og í ýmsum tónlistastílum
- syngja lög sem henta sinni raddgerð
- fara út fyrir þægindarammann og setja eigin svip á sönglög

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- syngja af öryggi og að hafa gaman af því að syngja
- þekkja helstu raddtegundir og geta greint þær
- vera skapandi í hugsun sem er metið með þátttöku í umræðum, tónsköpun og tónlistarflutningi
- leysa úr viðfangsefnum sem er metið með tónlistarflutning
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum

Námsmat:

Mætingarskylda er á námskeiðinu.

Kennari metur nemendur út frá virkni í tímum, með umræðum, skapandi vinnu og gæðum í samvinnu.



30% Undirbúningur fyrir tíma og heimaverkefni

30% Þátttaka í Masterklass

20% Tónleikar

10% Masterklass dagbók

10% Skapandi vinna og gæði í samvinnu

Námsgögn:

Stílabók

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur gætu þurft að mæta í tíma utan töflu.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
34	20.-23. ágúst		
35	26.-30. ágúst	Kynning á námsáætlun. Samhristingur. Radd og öndunaræfingar. Farið yfir söngöndun og líkamstöðu.	
36	2.-6. sept.	Upprifjun á öndun og líkamstöðu. Hvernig er best að læra nýtt lag? Ígrundun á öndunaræfingu vikunnar.	
37	9.-13. sept.	Söngtækni. Unnið með háa og lága tóna.	Nemendur velja lag af lagalista.
38	16.-20. sept.	Unnið með sönglög valin af nemendum. Lögin lærð og flutt fyrir samnemendum.	
39	23.-27. sept.	Raddgreining. Farið yfir helstu raddgerðir og eiginleika þeirra. Nemendur greina sína eigin rödd. Raddæfingar og samsöngur.	Varða I
40	30.sept- 4. okt.	Unnið með söngleikjastíl. Nemendur læra söngleikjalag	Nemendur velja sér lag af lagalista.
41	7.-11. okt.	Söngleikjapæma. Nemendur læra ýmis söngleikjalög í hóp.	
42	14.-18. okt.	Undirbúningur fyrir áheyrnarprufur.	
43	21.-24. okt.	Hvernig get ég hugsað vel um röddina mína? Fyrirlestur og umræður Áheyrnarprufur.	Hausthlé
44	28.okt - 1. nóv.	Þema valið – nemendur velja þema fyrir tónleika. Unnið með þema í hópavinnu.	
45	4.-8. nóv.	Nemendur vinna að þema í lagavali. Undirbúningur tónleika.	Varða II
46	11.-15. nóv.	Masterklass	
47	18.-22. nóv.	Masterklass	
48	25.-29. nóv.	Undirbúningur fyrir tónleika	
49	2.-6. des.	Generalprufa Tónleikar.	
50	9.-13. des.	Samsöngur – undirbúið pop-up atriði.	Kennslu lýkur
51	16.-17. des.	Einkunnaskil	Varða III



Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.